



Akureyrarbær

Fjárlaganefnd Alþingis
101 Reykjavík

Akureyri, 17. október 2024

Efni: Umsögn frá bæjarstjórn Akureyrarbæjar um frumvarp til laga um fjárlög, 1. mál.

Akureyrarbær þakkar tækifærið fyrir að leggja fram umsögn um fjárlög fyrir árið 2025. Hér eru tíundaðar helstu athugasemdir Akureyrarbæjar.

Sóknaráætlun

Undirbúningur að nýjum **Sóknaráætlunum** fyrir tímabilið 2025-2029 er nú á lokametrunum en núverandi samningur rennur út í lok árs. Á þessum tímapunkti þegar verið er að undirrita nýjar sóknaráætlanir ættu skilaboð stjórnvalda þvert á móti að vera í þá átt að efla Sóknaráætlanir umtalsvert enda hefur árangurinn af þeim síðustu ár verið óumdeildur. Á grunni Sóknaráætlunar hefur nú þegar verið hægt að hrinda í framkvæmd verkefnum þar sem sameiginlegir hagsmunir hvers landshluta fyrir sig eru hafðir að leiðarljósi og þar með valdefling nærsamfélagsins. Þetta er nauðsynlegur stuðningur við svæðisbundin nýsköpunarverkefni, sprota og frumkvöðla. Þá kemur skýrt fram í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar vilji ríkisstjórnarflokkanna til að efla Sóknaráætlanir landshlutanna og því ósættanlegt að nú eigi að lækka framlögin umtalsvert.

Ferðaþjónustan og millilandaflugið

Það er afar mikilvægt að stutt verði áfram við ferða- og markaðsmál um allt land, enda grunnurinn að því að gera ferðaþjónustu að undirstöðu atvinnugrein á landsbyggðunum. Mikilvægi þess að byggja upp áfangastaði víða um land og dreifa álagi af ferðamönnum er óumdeilt, sem og mikilvægi þess að tryggð verði **fjármögnun aðgerðaáætlunar ferðaþjónustu**. Það er fagnaðarefni að sett er 100 m.kr. framlag í **Flugþróunarsjóð**, enda afar mikilvægt verkefni sem snýr að fjölgun gátta inn í landið. Í því samhengi vill l bæjarstjórnleggja til við fjárlaganefnd að hún leggi **til sérstakan stuðning við Flugklasann Air66 og starfsemi hans en klasinn var stofnaður** hjá Markaðsstofu Norðurlands árið 2011 í breiðu samstarfi ferðaþjónustunnar, ríkis, sveitarfélaga og stoðstofnana. Mikil samstaða er um að verkefninu þurfi að sinna enda ávinningur skýr fyrir ferðaþjónustuna, aðrar atvinnugreinar og lífsgæði íbúa. Sveitarfélögin hafa stutt myndarlega við verkefnið frá upphafi og hefur nú verið óskað eftir því við ráðuneyti ferðamála að það komi myndarlegar að stuðningi við verkefnið, ekki ósvipað því sem ISAVIA gerir á Keflavíkurflugvelli. Þessu tengt þá skiptir miklu máli að bæta þjónustuna á flugvöllinum á Akureyri með því að fækka ófærum dögum og því mikilvægt að leggja áherslu á að lokið verði hið fyrsta við RNP-AR úr suðri.

Lögreglu- og sýslumannsembættin

Staða lögreglu- og sýslumannsembættanna hefur síst batnað á milli ára og var varað við því á síðasta ári þegar fastar fjárveitingar voru lækkaðar. Til viðbótar hafa óvænt viðbótarútgjöld ársins íþyngt rekstri embættisins sérstaklega og munu, þrátt fyrir sérstakar aðhaldsaðgerðir, leiða til fækkunar um annað stöðugildi ef Alþingi bregst ekki við á fjárukaalögum ársins 2024. Fjárlagafrumvarp ársins 2025 kemur ekki til móts við þessar aðstæður. Þessu til viðbótar mælir ný reglugerð fyrir um útibú sýslumanns á Þórshöfn en hún er ófjármögnuð í fjárlagafrumvarpi ársins 2025.

Verði ekki brugðist við framangreindum áskorunum kann **starfsfólki því að fækka** um allt að þrjú stöðugildi á tveggja ára tímabili. Bent er á að núverandi fjöldi starfsfólks að undanskildum sýslumanni á sérhverri skrifstofu embættisins, þ.e. á Siglufirði (4), Dalvík (2 klst/viku), Akureyri (13), Húsavík (5) og Þórshöfn (1) er í algeru lágmarki miðað við daglega þjónustupörf, sérverkefni og fleira. Rétt er í þessu samhengi að minna á gildandi byggðaáætlun, þjónustustefnu ríkisins og stefnu stjórnarráðsins um hlutverk sýslumannsembættanna sem staðbundinna þjónustuklasa ríkisins á tímum stafrænnar stjórnsýslu.

Sú staðreynd að **embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra** er ekki að fá þær fjárveitingar sem þörf er á til reksturs embættisins er einnig mikið áhyggjuefni. Enn er staðan sú að hætta er á að lögreglan á Norðurlandi eystra hafi ekki þann styrk sem þarf ef upp koma alvarlegri mál og hætta á að ekki verði hægt að tryggja öryggi borgara. Það er algjörlega óásættanleg staða. Ljóst er að verkefnum embættisins hefur fjölgað mikið á síðustu árum og þyngd þeirra aukist. Þannig má nefna almennt aukið álag vegna fjölgunar íbúa og ferðafólks innan landshlutans, en jafnframt er mikil aukning á millilandaflugi um Akureyrarflugvöll og komum skemmtiferðaskipa sem þýðir umtalsverða aukningu á álagi vegna landamæraeftirlits á flugvælinum á Akureyri og í höfnum landshlutans.

Heilbrigðisþjónusta

Staða Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) er mikið áhyggjuefni og miðað við frumvarpið eins og það liggur fyrir núna **vantar hálfan milljarð** til að reksturinn gangi upp. Stofnunin gegnir sérstaklega mikilvægu hlutverki, ekki síst hvað varðar bráðabjónustu og geðheilbrigðisþjónustu og er algjörlega óboðlegt að skilja stofnunina eftir í slíkum rekstrarvanda.

Það sama á við um **Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK)** en þar er svigrúmið til þróunar þjónustu lítið sem ekkert, sem er miður þar sem SAK þjónustar stóran hluta landsmanna og er mikilvægt að þekking og þjónusta sé markvisst byggð upp á sjúkrahúsinu. Það er fagnaðarefni að sett sé inn framlag til að byggja nýja legudeild við sjúkrahúsið og aðeins upp í þróun þjónustu. Sjúkrahúsið stefnir þrátt fyrir það enn og aftur í umtalsverðan rekstrarhalla og er verulegt áhyggjuefni að ekki sé tillaga í þessum fjárlögum um að bæta gríðarlega erfiða rekstrarstöðu Sjúkrahússins á Akureyri. Ef fjárlagagrunnur SAK yrði **bættur varanlega um 800-900 m.kr.**, þannig að rekstrarfrávik væri þeim mun minna, skapast bæði aukin tækifæri og sveigjanleiki til að ráða við þennan varanlega rekstrarvanda í grunnþjónustunni sem leiðir til vaxandi halla ár hvert.

Akureyrarbær hvetur ríkisvaldið til þess að klára fjármögnun á 3. stigs þjónustu fyrir börn og klári uppbyggingu á þeim úrræðum sem tillögur liggja fyrir um. Eins og staðan er þá er þessi málaflokkur orðinn sveitarfélögum mjög íþyngjandi fjárhagslega en ekki síður erfiður er kemur að viðeigandi úrræðum fyrir börn.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar vill einnig hvetja til þess að ekki verði meiri töf á byggingu hjúkrunarheimilis en orðið er því að þörfin er afar brýn.

Menntamál

Staða framhaldsskólanna í fjárlagafrumvarpinu er verulega snúin. Stærsti vandinn nú snýr að því að ekki er verið að gera ráð fyrir réttum nemendafjölda til skóla á borð við **Verkmenntaskólann á Akureyri (VMA)** sem skemkir umtalsvert framlög til skólans. VMA hefur mátt búa við það á síðustu árum að ársnemendum þeirra hefur verið fækkað, þrátt fyrir að í iðn- og starfsnámi og á starfsbraut hafi verið nemendaaukning. Í vor varð svo meiri ásókn í skólann en áætlað var og það í öllu námi, einnig stúdentsnámsbrautum. Aukning framlaganna í frumvarpinu **dugar því ekki** til að mæta þessari nemendaaukningu sem setur rekstri skólans afar þröngar skorður. Þá er ljóst að auknar kröfur eru gerðar til framhaldsskóla um ýmsa þjónustu við nemendur, utan þess námslega, sem skólunum er ekki gert kleift að sinna.

Gefa þarf gaum að stöðunni hjá **Háskólanum á Akureyri** en þar er **húsnæðisvandi skólans** orðinn verulega íþyngjandi sem birtist meðal annars í seinkun byggingu hermi- og færniseturs sem myndi gera skólanum kleift að fjölga hjúkrunarfræðinemum eins og stjórnvöld hafa kallað eftir. Þá leggur bæjarstjórn þunga áherslu á **áframhaldandi uppbyggingu tæknináms við skólans**, en framlög til kennslu tæknifræði við skólann eru nú í uppnámi þar sem þau eru ekki hluti af reiknilíkani háskólastigsins. Það skiptir háskólann, sveitarfélagið og svo ekki sé nú minnst á atvinnulífi miklu máli að tryggð verði framboð á tækninámi utan höfuðborgarsvæðisins.

Bæjarstjórn bendir einnig á mikilvægi þess að gerður verði langtímasamningur um áframhaldandi rekstur Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY) á sviði fullorðinsfræðslu. Stofnun á borð við SÍMEY sinnir mjög mikilvægum samfélagslegum verkefnum og þjónustar hópa sem fá umrædda þjónustu ekki annarsstaðar.


Störf á vegum stofnanna staðsett utan stórhöfuðborgarsvæðisins

Reglulega er rætt um mikilvægi þess að stofnanir ríkisins séu meðvitaðar um hvaða störf innan viðkomandi stofnunar séu til þess fallin að vera unnin utan stórhöfuðborgarsvæðisins og oft hefur tekist vel til. Það vekur því undrun þegar utanríkisráðuneytið sem hefur á að skipa þýðingamiðstöð með starfsfólki t.d. á Akureyri, hefur hug á að fara þá leið að segja fólki upp en núna er útlit fyrir að 5 einstaklingar víðsvegar um landið muni missa störf sín og hvetur bæjarstjórn fjárlaganefnd til þess að senda skýr skilaboð til ráðuneytisins um að endurhugsa þessa aðgerð.

Menningar- og iþróttamál

Akureyrarbær hefur nú árum saman óskað eftir því að tekið verði upp nýtt viðmið í ákvörðun um framlög til menningarsamnings Akureyrarbæjar og ríkisins. Markmiðið með samningnum er að styðja við og efla atvinnustarfsemi í listum á Akureyri og Norðurlandi. Verkefni samningsins eru rekstur Listasafns, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, Leikfélags Akureyrar og Menningarhússins Hofa. Af heildarkostnaði við verkefni greiðir ríkið um 25% en Akureyrarbær 75%

Akureyrarbær hefur borið saman framlög ríkisins og þróun þeirra, til sambærilegra verkefna hjá eigin stofnunum þess á höfuðborgarsvæðinu og er munurinn sláandi. Nú þegar hillir undir borgarstefnu fyrir Reykjavík og Akureyri og að Akureyri fái formlega stöðu sem svæðisborg þá blasir við að jafna stöðuna milli borgarsvæðanna tveggja. Eftirfarandi mynd sýnir þróunina árin 2021-2023:



Þess ber að geta að framlög ríkisins til samningsins hækkuðu úr 230 m.kr. í 250 m.kr. frá árinu 2023-2024. Akureyrarbær hefur hins vegar lagt til að miðað verði við þjónustu- og markaðssvæði svæðisborgarinnar þannig að framlögin næmu um 8-10% af framlögum til sambærilegrar starfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Það myndi þýða að framlagið þyrfti að hækka um 150 – 200 m.kr. árlega.

Vetrariþróttamiðstöð Íslands

Starfsemi miðstöðvarinnar hvílir á reglugerð (sjá hér: <https://island.is/reglugerdir/nr/0362-1995>) og samningum sem gerðir hafa verið milli ríkisins og Akureyrarbæjar um reksturinn. Framlög ríkisins hafa verið mjög óregluleg síðustu ár og því hefur starfsemi VMÍ verið í algjöru lágmarki. Á þessu ári var hins vegar undirritaður samningur milli bæjarins og mennta- og barnamálaráðuneytisins um 4 m.kr. framlag til VMÍ. Markmiðið er að styðja VMÍ í að vinna heildstæða tillögu um starfsemi hennar og framtíðarsýn. Sú vinna stendur yfir og er markmiðið að henni ljúki í nóvember með greinargerð sem skilað verður til ráðuneytisins. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir samningsbundnum framlögum til VMÍ í fjárlögum, svo framtíðarstefna og áætluð starfsemi verði ekki orðin tóm.

Mikilvægi samgönguáætlunar og vetrarþjónustu

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar telur mikilvægt að tryggj verði að **Samgönguáætlun** verði fullfjármögnuð og hvetur fjárlaganefnd til að líta til þess í vinnu sinni. Flýta þarf samfélagslega mikilvægum framkvæmdum sem snerta öryggismál þeirra sem nýta samgöngurnar. Eins þarf að flýta framkvæmdum við samgöngumannvirki á Akureyri, s.s. hringtorg við Tryggvabraut/Glerárgötu og göngustíga. Að öðru leyti tekur Akureyrarbær undir umsögn SSNE varðandi samgöngumál.

Hugmyndir **um afnám tollfrelsis skemmtiferðaskipa** þarf að endurskoða og er mun heppilegra ef unnin væri stefnumörkun til framtíðar varðandi móttöku skemmtiferðaskipa á Íslandi áður en svo stórar ákvarðanir eru teknar um greinina. Komur skemmtiferðaskipa skipta miklu máli þegar kemur að rekstri hafna um landið og er ljóst að ef af afnámi tollfrelsis verður muni líklega t.a.m. öll þau litlu skemmtiferðaskip sem heimsækja hafnir víða um Norðurland eystra hætta að sigla á þessar hafnir.

Flest þessara skipa sem hér um ræðir eru ný og sennilega með umhverfisvænustu skipunum. Jafnframt eru það fyrst og fremst efnaðir ferðamenn sem ferðast með þessum skipum sem skilja mikið eftir sig.

Fjölmargar úttektir hafa sýnt að skemmtiferðaskipin hafa jákvæð áhrif á efnahag svæðisins og er það sérstaklega mikilvægt fyrir brothætt svæði eins og t.a.m. Grímsey og Hrísey en báðar eyjarnar hafa verið að taka á móti þessum skipum í auknum mæli síðustu ár. Rétt að nefna líka að skemmtiferðaskipin eru sá hluti ferðaþjónustunnar sem hvað best dreifir ferðamönnum um landið og því ljóst að frumvarpið vinnur beinlínis gegn stefnu stjórnvalda um jafnari dreifingu ferðamanna um landið. Þá er einnig bent á mikilvægi þess að við fyrirhugaðar breytingar á gistináttaskatti verði tryggt að hann renni til sveitarfélaga líkt og fram hefur komið í stjórnarsáttmálum síðustu tveggja ríkisstjórna..

Þá leggur bæjarstjórn áherslu á að farið verði sem allra fyrst í vinnu við **strandsvæðaskipulag Eyjafjarðar og Skjálfandaflóa**, enda fjölmörg verkefni sem þrýsta á ákvarðanatöku um nýtingu þeirra.

Virðingarfyllst,

f.h. bæjarstjórnar Akureyrarbæjar

A handwritten signature in blue ink is written over a circular official stamp. The stamp features a central emblem of an eagle with spread wings, surrounded by the text 'BÆJARSTJÓRNIN AKUREYRI' in a circular border.

Ásthildur Sturludóttir,
bæjarstjóri